

II. tbl.

20. mars 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Aðalsafnaðarfundur Hálssóknar 25. mars 2024
haldin í Skógum kl. 20:00

- fundarsetning
- lesin síðasta fundargerð
- skýrsla sóknarinnar
- reikningar
- kosningar
- kosningar tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- önnur mál

Páskaeggjábíngó Mývetnings

Miðvikudaginn 27. mars næstkomandi ætlar Mývetningur, ungmenna- og íþróttafélag að halda páskaeggjábíngó!



Bíngið verður haldið í Reykjahlíðarskóla klukkan 17:00



Spjaldið kostar 1000 kr.

Fyrir þau sem hafa hug á að styrkja okkur þá þiggjum við með bestu þökkum öll páskaegg, stór eða smá. Endilega heyrið í stjórn ef þið hafið áhuga á að styrkja.

-Athugið, posi á staðnum-





SUMARSTARF Í KRÖFLUSTÖÐ

Ert þú rétti liðsfélaginn fyrir okkur?

Við í Kröflustöð leitum að liðsfélaga í mótuneytið okkar í sumar. Starfið felst í undirbúningi við matargerð og framreiðslu, frágangi í eldhúsi, uppvaski og daglegri ræstingu í húsnæði Kröflustöðvar.

- Engin sérstök menntun áskilin
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Snyrtimennska, stundvisi og reglusemi

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf

Fyrirspurnir má senda á
sumarstarf@landsvirkjun.is

Aðalfundur Kvenfélags Aðaldæla 2024

Aðalfundur félagsins verður haldinn að Ýdölum
fimmtudaginn 4. apríl kl 20.

Dagskráin verður með hefðbundnu sniði.

Nýjar konur velkomnar.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórn Kvenfélags Aðaldæla.

Páskaguðsþjónusta í Lundarbrennukirkju

Á pálmásunnudag 24. mars verður
páskaguðsþjónusta í
Lundarbrennukirkju
kl. 14:00.

Sr. Hafdís Davíðsdóttir þjónar fyrir
altari og Dagný Pétursdóttir
organisti spilar undir almannan
safnaðarsöng er við syngjum
saman alla fallegu páskasálmana.

Verið hjartanlega velomin ☺



Brúarkynning

Ina kvenskörungur

Árið 1908 kom ung þýsk kona til landsins í leit að unnusta sínum sem týndist í Öskju. Hún ferðaðist 1.500 km á hestbaki um hálendið í ferð sinni. Hennar er hvergi minnst-nema í bók sem hún skrifaði, Ísafold.

Dagmar Trodler rithöfundur segir frá leitar- og ferðasögu Inu von Grumbkov með nútíma augum og setur afrek hennar í sögulegt samhengi.

Fimmtudagskvöldið 21. mars kl. 20:00 í Gíg Mývatnssveit

Öll velkomin

Brúarkynningar eru samverustundir á vegum Huldu náttúruhugvísindaseturs þar sem fræðimenn, nemar og heimamenn kynna störf sín s.s. rannsóknir, gagnaöflun og skrif. Brúarkynningar eru vettvangur til að kynna og ræða ýmis verkefni sem unnin eru hér á svæðinu.



Pingeyjarsveit

Deiliskipulagsbreyting vegna Hótelis Laxár, Olnbogaási

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar samþykkti þann 24. ágúst 2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu Arnarvatns, Skútustaðahreppi, verslunar- og þjónustusvæði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið með breytingunni er að veita svigrúm til að stækka rekstur Hótelis Laxár. Hámarks fjöldi gistirúma eykst úr 160 í 188. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 29. apríl 2024. Tillagan er aðgengileg í skipulagsgátt, mál nr. 56/2024 og skal athugasemdum skilað í gegnum gáttina.

Skipulagsfulltrúi Pingeyjarsveitar



Vatnsleikfimi á Laugum

**4 vikna námskeið, 03. apríl – 29. apríl 2024 Verð: 18.000 kr.
Lágmarks þátttakendur eru 8 og kennt verður tvisvar í viku,
45 mín í senn á**

mánudögum og miðvikudögum, kl. 10:00 – 11:00.

Öll eru velkomin en takmarkað pláss er á námskeið og því gæti námskeiðið fyllst.

Vatnsleikfimi eykur styrk, liðleika og þol og hentar fólki á öllum aldri.

Farið verður í fjölbreyttar og fyrirbyggjandi æfingar ofan í sundlaug, ýmist í grunnu vatni eða djúpu.

Líkaminn er léttari í vatninu sem veitir einnig mótstöðu og minnkar álag á vöðvum og liðamótum.

Vatnsleikfimi er góð leið til að þjálfa kvið- og bakvöðva, viðhalda beinmassa og vöðva og bætir þol.

Vatnsleikfimi bætir einnig jafnvægi, samhæfingu og líkamsstöðu. Þetta er tilvalin leið til að byggja sig upp eftir veikindi og meiðsli eða til að koma sér aftur af stað og efla heilsu.

Komum saman og vekjum upp líkama og sál í vorinu og komum okkur í gott form fyrir sumarið ☺

Athugið að pláss er takmarkað. Skráning hefst strax og lýkur kl. 12:00, miðvikudaginn 27. Mars 2024.

Skráning fer fram hjá Ástu Price með því að senda tölvupóst á asta@bjarg.co.uk með nafni, kennitölu og símanúmer eða hringja í 8989964.

Hlakka til að sjá sem flest



Deildarfundur Þingeyjardeildar

Verður haldinn mánudaginn 25. mars kl. 20.00
á Fosshótel Húsavík

Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.600.- m.vsk

heilsíðuauglýsing kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið **hlaupastelpan@isl.is**

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386